

Vatnsöflun að Reykjaskóla við Hrútafjörð

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-2003-03

Vatnsöflun að Reykjaskóla við Hrótafjörð

Komið hefur til tals að hefja vinnslu kalkþörungna í Hrótafirði með landaðstöðu að Reykjum. Vinnsla þessi krefst nokkurs vatns, bæði neysluvatns svo og iðnaðarvatns þar sem gæðakröfur eru ekki eins strangar. Af þessu tilefni var sérfræðingur OS-ROS kvaddur á vettvangi í mars 2003 til að leggja mat á vatnsöflunarmöguleikana. Árið 1982 skoðuðu sérfræðingar Orkustofnunar, þeir Freysteinn Sigurðsson og Sigbjörn Guðjónsson, neysluvatnsmálin á staðnum og sömdu um það greinargerðina Reykjaskóli í Hrótafirði, öflun neysluvatns. Hér er stuðst nokkuð við það plagg.

Reykjaskóli tekur vatn úr djáland upp undir hlíðinni suður af bænum að Reykjum. Vatnið kemur undan sjávarhjalla skammt ofan hringvegarins. Hjallinn teygir sig til suðurs með hlíðinni og smálindir koma undan honum sunnar. Þar er einnig malarnám. Heildarvatnsmagnið í þessum lindum er vart nema um 1 l/s að meðaltali og allbreytilegt eftir tíðarfari. Lindahiti reyndist um 3,8°C. Vatnsból Reykjaskóla er lokað og vel gengið frá því. Í skýrslu frá heilbrigðiseftirliti um vatnsból í Húnaþingi vestra frá 2001 kom vatnsbólið þokkalega út. Ekkert framhjárennsli er að sjá frá því og virðist því allt vatnið sem þarna kemur upp renna um vatnslögnina frá því. Vatnið er leitt rúman kílómetra í gamlan miðlunartank í túnfæti ofan Reykjatanga þar sem skólinn stendur. Tankurinn rúmar um 30 tonn og úr honum rennur vatnið til dæluhúss. Þaðan er því dælt til skólans, byggðasafnsins og fleiri bygginga.

Varavatnsból, sem stöku sinnum er gripið til, er í borholu í eyrinni sunnan við skólahúsið. Holan er 10 m djúp, boruð árið 1965. Járn og saltmengun hefur komið fram í holunni og að auki er almenn mengunarhætta umhverfis hana þarna á skólalóðinni. Alls hafa verið boraðar 6 holur eftir köldu vatni á eyrinni. Elsta og dýpsta holan er frá 1957. Fjórar grunnar holur voru gerðar fyrir RARIK til að ná kælivatni á rafstöð sem var vestast á tanganum. Boranirnar hafa leitt í ljós að vonlítið er að vinna vatn úr holum á tanganum, aftur á móti er sjótaka úr holum þar við ströndina vel hugsanleg.

Bæir í grennd við Reykjaskóla hafa hver sitt vatnsból sem víða eru í litlum lindavætlum. Ljóst er að á svæðinu er erfitt um neysluvatnsöflun nema á smáum stíl. Engar umtalsverðar lindir eru þekktar, berggrunnurinn er þéttur og erfitt hitta á nýtanlegar vatnsæðar í honum með borunum og laus jarðlög, sem gefið gætu vatn, eru umfangslítill.

Yfirborðsvatn til notkunar í iðnaðarskyni er hins vegar til staðar í nokkrum mæli. Stærsti lækurinn á þessum slóðum fellur niður hjá Reykjum. Hann á upptök í mýrlendi og litlu vatni, Hvítabjarnarvatni, uppi á Hrótafjarðarhálsi. Lækurinn er notaður til að knýja heimarafstöð á Reykjum. Hvítabjarnarvatn er stíflað og notað til vatnsmiðlunar en vatnsmagnið þar dugir þó yfirleitt ekki til að halda rafstöðinni gangandi allan ársins hring. Seinni hluta vetrar er vatnsrennslið oftast orðið of lítið til rafmagnsframleiðslu. Unnt er að auka vatnsmiðlunina í Hvítabjarnarvatni en vatnasvið lækjarins er þó varla nema um 4 km². Affallsvatn rafstöðvarinnar mætti auðveldlega nota sem iðnaðarvatn. Afrennsli af 4 km² við utanverðan Hrótafjörð gæti gefið um 60 l/s að jafnaði (ef miðað er við 500 mm nettó meðalársúrkomu) en rennslið dreifist afar ójafnt yfir árið og full miðlun fæst ekki nema með allmiklum mannvirkjum. Hins vegar virðist nokkrar líkur á að tryggja megi 20 l/s af þokkalegu iðnaðarvatni í flestum tilfellum. Þetta þyrfti þó að staðfesta með nánari skoðun á vatnasviðinu uppi á hálsinum og mælingu á læknum.

Árni Hjartarson